

## **10. Fundur Öldungaráðs Dalabyggðar og Reykhólahrepps. Haldinn í fjarfundi 8. desember 2020 kl. 10:00**

Ragnheiður Pálsdóttir setur fundinn.

Mættir eru: Jóhanna Ösp Einarsdóttir sem fulltrúi Reykhólahrepps. Sigríður Skúladóttir og Ragnheiður Pálsdóttir sem fulltrúar Dalabyggðar. Jóna Valgerður Kristjánsdóttir og Þrúður Kristjánsdóttir fyrir hönd félags eldri borgara. Þórunn Björk Einarsdóttir fyrir HVE. Jón Egill Jónsson tómstundafulltrúi Dalabyggðar. Soffía Guðmundsdóttir félagsmálastjóri Reykhóla og Stranda. Félagsmálafulltrúi Dalabyggðar boðaði forföll.

Á fundi öldungaráðs sem haldinn var 5. Nóv 2019 var ákveðið að Ragnheiður Pálsdóttir tæki við formennsku á næsta fundi öldungaráðs. Soffía Guðmundsdóttir er nýr félagsmálastjóri Reykhóla og Stranda og bjóðum við hana velkomna til starfa.

Þá er gengið til dagskrár:

### **1. Fundargerð síðasta fundar.**

Farið yfir fundargerð og hún samþykkt.

### **2. Kosning varaformanns.**

Lagt til að Embla Dögg Bachmann verði varaformaður og það samþykkt samhljóða.

### **3. Upplýsingar úr fjárhagsáætlun Dalabyggðar.**

Ragnheiður fór yfir fjárhagsáætlun Dalabyggðar.

### **4. Upplýsingar úr fjárhagsáætlun Reykhólahrepps.**

Jóhanna Ösp fór yfir fjárhagsáætlun Reykhólahrepps.

### **5. Gjaldskrár sveitarfélaganna.**

Farið yfir gjaldskrár sveitarfélaganna 2021. Greinilegt er að sveitarfélögin eru að leggja sig fram við að hlúa að málefnum eldri borgara.

### **6. Nýir hjúkrunarforstjórar Silfurtúns og Barmahlíðar.**

Haflína Ingibjörg Hafliðadóttir hóf störf á Silfurtúni mánaðamótin apríl/maí 2020. Steinunn Agnarsdóttir tekur til starfa sem hjúkrunarforstjóri á Barmahlíð um áramót. Bjóðum þær velkomnar til starfa.

### **7. Covid 19.**

Fjallað um heimsóknatakmarkanir á heimilunum. Einnig hefur eldri borgarastarf legið alveg niðri vegna covid-19.

Þórunn fer yfir stöðuna á heilsugæslunni, hún upplifir að fólk hafi dregið sig meira í hlé í fyrri bylgjunni og jafnvel afþakkað heimahjúkrun, en nú sé fólk ekki að afþakka þjónustu.

Árið hjá heilsugæslunni hefur farið mjög mikið í covid, mörg sýni hafa veirð tekin. Núna er verið að skipuleggja hvernig bólusetning fari fram.

Öldungaráð lýsir yfir áhyggjum af eldri borgurum í samfélaginu okkar, mikilvægt er að sveitarfélögin séu meðvitið um mikilvægi þess að hlúa að þessum hóp.

Fundargerð lesin yfir og fundi slitið kl. 11:00